



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 23. mars 2015  
UST201503-193/K.H.

## 144. löggjafarþing 2014-2015 Þingskjal 235 - 209. mál

### Umsögn Umhverfisstofnunar - Tillaga til þingsályktunar um bætt hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði.

Í greinagerð með tillögunni segir: *Yfirvöld verða að tryggja að börnum sé boðið upp á góða vinnuástöðu þar sem hávaði er undir þeim mörkum að þau hljóti skaða af og geti stundað nám með sem bestum árangri.*

Umhverfisstofnun tekur undir það en telur markmið með tillögu um stofnun starfshóps sem skyldi tryggja að erilshávaði í kennsluhúsnæði skaði ekki rödd og heyrn nemenda, kennara og starfsmanna og hafi ekki neikvæð áhrif á líðan og námsfærni nemenda óraunhæft m.t.t. þess að nú þegar er skýrt kveðið á um kröfur til mannvirkja og úrræði og forvarnir gegn svokölluðum erilshávaða í kennsluumhverfi barna í lögum, reglugerðum og leiðbeiningum. Fremur skyldi stuðla að framkvæmd ábyrgðaraðila kennsluhúsnæðis með skipulagslegum- og kennslufræðilegum aðferðum sem þekktar eru til að draga úr erilshávaða. Kennslurými víða um land virkar ekki sem skyldi þar sem það er ekki nýtt samkvæmt hönnun, ekki hefur verið farið í nauðsynlegar úrbætur á skólahúsnæði né hefur skipulagi verið breytt en þetta eru allt þættir sem geta bætt hljóðvist. Umhverfisstofnun telur ekki skort á viðmiðum og reglum heldur skorti nauðsynlegar úrbætur og oftast er ónægt fjármagn sagt ástæða þess að ekki er farið í nauðsynlegar úrbætur.

Í greinagerðinni er vitnað í leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna frá árinu 2012. Segir þar m.a. að hávaði geti haft skaðleg áhrif á heyrn og aðra líkamlega þætti barna, vitsmuni þeirra og hegðun. Langvarandi hávaði geti haft neikvæð áhrif á heilsu og frammistöðu barna. Sumum hávaðauppsprettum er ekki hægt að komast hjá, en hægt er að koma í veg fyrir eða minnka neikvæð áhrif af völdum þeirra með góðu skipulagi, hönnun og úrbótum. Erilshávaði kemur fyrst og fremst til vegna athafna einstaklinga í rými, t.d. tal kennara og nemenda, tilfærsla á húsgögnum og leikur og starf í kennslurými. Ef rými er ekki til þess fallið að anna þeirri iðkun sem þar skal fara fram skapast hætta á erilshávaða. Hljóðvistarsérfræðingar héraendis og erlendis hafa jafnvel ekki talið mögulegt að setja viðmið eða mörk í reglugerð vegna erilshávaða heldur verði komið í veg fyrir hann með skipulagslegum- og kennslufræðilegum aðferðum líkt og leiðbeint er um í fyrrnefndum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Börn og unglingar eiga rétt á því að þeim séu tryggðar eins góðar vinnuástæður og völ er á líkt og segir í greinagerðinni og er Umhverfisstofnun því fyllilega sammála. Aðferðir til að tryggja góðar vinnuástæður liggja nú þegar fyrir í kröfum:

- byggingareglugerðar nr. 112/2012 til kennsluhúsnæðis og staðalsins ÍST 45:2011 „Hljóðvist – flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis“,
- reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða þar sem segir að forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða og að gæta skuli sérstaklega að hávaðavörnum í og við leik- og grunnskóla,

- í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla segir að húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hljóðvist,
- reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða og er þar sérstaklega greint frá að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hljóðvist.

Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir skólahúsnæði og sinnir eftirliti með starfsemi skv. ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Hluti eftirlits er að gera kröfur og tillögur að úrbótum á skólahúsnæði eða aðstöðu nemenda m.t.t. hollustuhátta.

Umhverfisstofnun álítur að stofnun starfshóps sem hafi það markmið að tryggja að erilshávaði valdi ekki skaða í kennslurými sé óþörf þar sem lög og reglugerðir kveði á um viðunandi kröfur til kennslurýmis og leiðbeiningar séu til staðar um úrræði og aðferðir. Vandkvæði tengt viðfangsefninu snúi fyrst og fremst að ófullnægjandi framkvæmd á viðhaldi og úrbótum m.t.t. aðstæðna og skipulagslegum breytingum sem verða til þess að kennslurými hentar ekki sem skyldi.

Virðingafyllst

  
Katrín Hilmarsdóttir  
Sérfræðingur

  
Gunnlaug H. Einarsdóttir  
Sviðsstjóri

